

**2021**

# ÁRSSKÝRSLA LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts



**2021**

# ÁRSSKÝRSLA LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

ÁVARP REKTORS	4
NEMENDUR	6
STARFSFÓLK	8
HÚSNÆÐISMÁL	9
FJÁRMÁL	10
Rekstrarreikningur ársins 2021	
AKADEMÍSK SVIÐ OG DEILDIR	12
SVIÐ KVIKMYNDALISTAR, SVIÐSLISTA OG TÓNLISTAR	13
Tónlistardeild	
Sviðslistadeild	
SVIÐ ARKITEKTÚRS, HÖNNUNAR OG MYNDLISTAR	21
Arkitektúrdeild	
Hönnunardeild	
Myndlistardeild	
SVIÐ AKADEMÍSKRAR ÞRÓUNAR	31
Listkennsludeild	
Stuðningur við rannsóknir	
Stuðningur við kennslu og kennsluþróun	
Alþjóðaskrifstofa	
Bókasafn	
Verkstæði	
HÁSKÓLASKRIFSTOFA	36
Gæðamál	
Kynningarmál	
Mannauðsstjórnun	
Náms- og starfsráðgjöf	
Námsþjónusta	
Opni Listaháskólinn	
STJÓRN, RÁÐ OG NEFNDIR	39

# ÁVARP REKTORS

## I.

Heimsfaraldur af völdum Covid 19 setti svip sinn á allt starfsár Listaháskóla Íslands árið 2021 líkt og árið 2020. Reynsla fyrra árs kom að góðum notum við nauðsynlegar ráðstafarnir sem þó settu skólastarfinu umtalsverðar hömlur. Líkt og árið á undan reyndi því mjög á útsjónarsemi, þrautseigju og bjartsýni starfsfólks og nemenda, til að skólastarfið gæti farið fram með viðunandi hætti þrátt fyrir þær takmarkanir sem voru í gildi í samfélaginu hverju sinni. Ýmsan lærdóm má draga af þeirri reynslu sem heimsfaraldur hefur haft í för með sér, ekki síst hvað varðar möguleika á fjarnámi þar sem því verður komið við. En um leið er enn skýrara en áður hversu þungt nánd, tækniþjálfun og hverskyns skynræn reynsla vegur sem ríkjandi þáttur í listnámi.

## II.

Stærsta verkefni vorannar 2021 var að ljúka sjálfsmatsskýrslu vegna stofnanaúttektar sem skilað var til Gæðaráðs íslenskra háskóla í júní. Margir lögðu þessu stóra og mikilvæga verkefni lið, akademískir starfsmenn, starfsfólk stöðsviða og nemendur, enda markmið skýrslunnar að gefa sem skýrasta mynd af skólastarfinu, stefnu skólans og þeirri aðferðafræði sem nám, kennsla og rannsóknir byggja á, auk samstarfs innanlands og utan.

Erlend úttektarnefnd heimsótti svo háskólann vikuna 21. til 24. september og átti fundi með fjölmörgum aðilum um einstaka kafla skýrslunnar. Starfsfólk Listaháskóla Íslands var þakklátt fyrir þetta tækifæri til að eiga samtal við óháða, utanaðkomandi sérfræðinga, um umbótamiðað gæðastarf, enda markmið Listaháskólans að vera samanburðarhæfur við hliðstæðar stofnanir erlendis og þjóna þannig markmiði sínu sem best sem þjóðarskóli í listum hér á landi.

## III.

Í byrjun ágúst 2021 var undirritaður samningur við ríkið um stofnun kvikmyndadeildar við Listaháskólann og gengið út frá því að kennsla hefjist haustið 2022. Samningurinn markar mikil tímamót þar sem kvikmyndalist á háskólastigi verður nú í fyrsta sinn kennd hér á landi rétt eins og aðrar listgreinar. Segja má að Listaháskólinn sé með þessari viðbót orðinn sú fullburða stofnun sem stefnt var að við stofnun hans, þ.e.a.s. þverfaglegur háskóli sem vinnur með allar listgreinar.

Haustið 2021 bættist einnig við ný meistaranámsbraut í arkitektúr, sem hefur það í för með sér að nú er hægt að nema þá grein til fullnaðargráðu hér á landi í fyrsta sinn.

Við þróun þessara tveggja námsleiða hefur stuðningur og krafa fagvettvangsins um námsþróun skipt miklu máli, enda mikilvægt að Listaháskólinn haldi áfram að þjóna bæði atvinnulífi og menningu með þeim hætti er ungt fólk í námi samsamar sig og telur mikilvægt í tengslum við sína framtíð.

## IV.

Hreyfing komst á framtíðaruppbyggingu í húsnæðismálum háskólans haustið 2021, þegar ríkisstjórnin tilkynnti að Listaháskólanum yrði búinn viðeigandi og varanleg umgjörð í Tollhúsinu við Tryggvagötu. Vonir standa til að þar muni allar deildir skólans starfa undir einu þaki og þjóna sem hreyfiafl allra listgreina og listmenntunar í miðborginni. Sóknarfæri við uppbygginguna eru umtalsverð bæði fyrir listirnar, hinar skapandi greinar og miðborgina, þar sem stór starfsstöð fræðasviðs lista, nemendur og starfsfólk munu setja mark sitt á borgarsamfélagið þegar starfsemin hefst, með óteljandi viðburðum árið um kring.

## V.

Fjárhagsstaða Listaháskólans er betri nú en mörg fyrri ár, þar sem loks hefur tekist að vinna upp neikvæða eiginfjárstöðu líkt og sést í ársreikningi. Það markar mikilvæg tímamót í rekstrinum sem verða til þess að skapa meira öryggi og auðvelda framtíðarfjárfestingar sem og daglegan rekstur. Þessi viðsnúningur breytir þó ekki þeirri staðreynd að þeir fjármunir sem skólinn hefur til ráðstöfunar þegar laun og húsnæðiskostnaður er greiddur, eru of knappir. Stjórnendur gera ráð fyrir því að nýtt reiknilíkan sem nú er í þróun í ráðuneyti háskólamála um fjárframlög til háskólastarfs í landinu, taki mið af hraðri þróun Listaháskólans undanfarin ár þannig að tekið verði tillit til umtalsverðs árangurs og uppbyggingar - ekki síst í rannsóknum og samfélagslegum slagkrafti fræðasviðs lista.

Starfsfólki Listaháskólans, sem sýnt hefur mikið aðhald í öllu sínu starfi auk fagmennsku við þróun fræðasviðs lista ber að þakka þennan viðsnúning, fyrst og fremst. Án þeirra viðleitni og skilnings á mikilvægi frekari uppbyggingar innan þess þrönga stakks sem skólanum er sniðinn hefði þessu marki ekki verið náð.

## VI.

Að lokum vil ég færa öllum þeim sem komu að starfsemi Listaháskólans árið 2021 þakkir mínar fyrir þeirra framlag til háskólastarfsins. Stjórn, starfsfólki, stundakennurum, öðrum gestum og síðast en ekki síst nemendum, þakka ég einnig fyrir að feta með okkur ótroðnar leiðir á tímum heimsfaraldurs. Lausnarmiðað hugarfar og vilji til að láta óvenjulegar aðstæður ekki hefta námið og þróun þess skilaði nemendum í gegnum enn eitt skólaárið með miklum sóma.


Fríða Björk Ingvarsdóttir  
rektor

# NEMENDUR


Alls voru 638 nemendur við nám í Listaháskólanum í október 2021, þar af 403 konur og 235 karlar. Nemendur í bakkalárnámi voru 456 og nemendur í meistaranámi 182. Vorið 2021 bárust 734 umsóknir um nám við skólann. Um haustið hófu 245 nýnemar nám og inntökuhlutfallið var 33% í heild fyrir skólann. Árið 2021 útskrifuðust alls 170 nemendur.



Endurkomuhlutfall nemenda var 82% en það er reiknað út frá fjölda nemenda sem hófu nám haustið 2020 og fjölda þeirra sem skilaði sér á annað ár haustið 2021. Alls hófu 26 nemendur nám á eins árs brautum haustið 2020, þ.e.a.s. 12 í meistaranámi í sviðslistum, 9 útskrifuðust 2021 og 14 í diplómanámi í listkennslu og 7 útskrifuðust 2021.

**Skipting nemenda eftir kyni, 2021**



**Fjöldi nemenda eftir deildum, 2021**




**Inntökuhlutfall eftir deildum, 2021****Aldursdreifing nemenda, 2021**

# STARFSFÓLK

Árið 2021 störfuðu alls 137 einstaklingar í 102 stöðugildum, þar voru 66 stöðugildi í akademískum stöðum (kennsla og verkstæði) og 36 á stoðsviðum.

Stöðugildi stundakennara á árinu voru 29 en þau eru reiknuð út frá klukkustundum. Höfðatala stundakennara, gestakennara, leiðbeinenda lokaverkefna, prófdómara og fyrirlesara var um það bil 500. Líkt og á fyrra árið kallaði sumarnám LHÍ árið 2021 á nokkurn fjölda stundakennara og fyrirlesara.

**Fjöldi stöðugilda og virkra nemenda, 2014 til 2021**





# HÚSNÆÐISMÁL

Listaháskólinn starfar í fimm byggingum víðsvegar um Reykjavík. Heildarstærð húsnæðis í lok ársins 2021 voru 13.673 fermetrar. Leigðum fermetrum fjölgaði ekki á árinu en tónlistarsalur í Skipholti 31 var formlega tekinn í notkun. Hann hlaut nafnið Dynjandi og verður nýttur til tónlistarflutnings, kennslu og annarra viðburða á vegum skólans.

Stærsti óvissuþáttur í rekstri Listaháskóla Íslands lýtur áfram að húsnæðismálum skólans í framtíðinni. Stór og jákvæð skref voru samt tekin á árinu 2021 og þar bar hæst skuldbindingu í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar og yfirlýsingu um að framtíðarheimili skólans verði í Tollhúsinu í miðborg Reykjavíkur. Húsaleigusamningar skólans renna út á árunum 2024 til 2027 og því afar brýnt að verkefnið gangi hratt fyrir sig.

## Yfirlit yfir húsnæði Listaháskólans í lok árs 2021

Húsnæði	Fermetrar
Þverholt 11	4.127
Laugarnesvegur 91	6.881
Skipholt 31	1.874
Austurstræti 22a	665
Völvufell (gallery)	126
<b>Alls</b>	<b>13.673</b>

# FJÁRMÁL

Heildartekjur Listaháskóla Íslands á almanaksárinu 2021 námu 2.018 mkr. á móti 1.747 mkr. á árinu 2020. Rekstrargjöld og afskriftir námu 1.879 mkr. en námu 1.655 mkr. á árinu 2020. Afkoma ársins var 138 mkr. á móti 86 mkr. á árinu 2020. Eigið fé skólans nam 91 mkr í lok ársins.

Líkt og afkoma ársins 2021 gefur til kynna gekk rekstur vel þó að heimsfaraldur og húsnaðisvandi skólans hafi áfram sett svip á skólastarfið. Ánægjulegt er að eigið fé skólans sé jákvætt á ný en því má þakka stöðugu aðhaldi í rekstri sem allt starfsfólk skólans á hlutdeild í. Þó að kostnaðareftirlit verði áfram grunnstef í rekstri Listaháskóla Íslands standa vonir til þess að rekstrarárangur síðustu ára verði til þess að auðvelda framkvæmd stefnu skólans til framtíðar.


Stefnt er að því að ljúka endurskoðun stofnanasamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið á árinu 2021. Þessi endurskoðun er jákvætt skref sem minnkar óvissu í rekstri næstu ára. Rekstraráætlanir fyrir árið 2021 gera ráð fyrir því að rekstur Listaháskóla Íslands verði áfram sterkur þó að hagnaður dragist saman á milli ára.



# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2021

<b>Rekstrartekjur</b>	
Tekjur úr ríkissjóði	1.632.111.996
Skólagjöld	345.663.484
Aðrar tekjur	40.049.513
	<b>2.017.824.993</b>
<b>Rekstrargjöld</b>	
Laun, launatengd gjöld og verktakagreiðslur	(1.245.880.902)
Húsnæðiskostnaður	(419.935.710)
Annar rekstrarkostnaður	(170.522.107)
Afskriftir	(42.579.483)
	<b>(1.878.918.202)</b>
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>138.906.791</b>
Fjármunatekjur	319.126
Fjármagnsgjöld	(2.695.292)
Gengismunur	1.949.954
<b>Hagnaður</b>	<b>138.480.579</b>

**Próun rekstrarniðurstöðu og eigin fjár, 2014 til 2021**





# SVIÐ KVIKMYNDALISTAR, SVIÐSLISTA OG TÓNLISTAR

Tímamót urðu á árinu er samningur milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Listaháskóla Íslands um kvikmyndanáám. Kvikmyndalistadeild var stofnuð á haustmánuðum og er nú svið tónlistar og sviðslista orðið að sviði kvikmyndalistar, sviðslista og tónlistar. Framlag ríkisins vegna stofnkostnaðar við verkefnið nemur rúmum 100 milljónum kr. en framlag til skólans vegna kennslu, rannsókna og húsnæðis nemur alls tæpum 500 milljónum kr. á gildistíma samningsins, á árunum 2022 til 2026. Undirbúningur hófst þegar í stað og var Steven Meyers ráðinn deildarforseti kvikmyndalistadeildar og var unnið að skipulagi og uppbyggingu námsins í samstarfi við fagvettvang, stoðsvið skólans og aðrar deildir. Ráðgert er að taka inn 12 til 15 nemendur haustið 2022 í kvikmyndagerð og boðið upp á sex áherslugreinar; leikstjórn, handritsgerð, framleiðslu, kvikmyndatöku, klippingu og hljóðtækni.

Kvikmyndadeild er spennandi viðbót inn á sviðið sem býður upp á ýmsar tengingar og samstarf við aðrar deildir skólans. Í tónlistardeild er þegar unnið með kvikmyndatónlist og í sviðslistadeild hafa allar námsbrautir unnið með kvikmyndalistarformið og má vænta þess að þessi viðbót muni efla og styrkja námsumhverfið þvert á deildir LHÍ.

Þrátt fyrir að heimsfaraldur Covid-19 setti áfram mark sitt á starf deildanna var töluvert um samstarf og viðburði. Samkomutakmarkanir virkuðu þó hamlandi á samstarf milli deilda. Kennarar jafnt sem nemendur sýndu samtakamátt og þrautseigju þar sem sífellt var verið að endurskipuleggja námið. Áhersla var á að standa vörð um staðarnámið en einnig voru fjarkennslumöguleikar nýttir. Útskrifarverkefnum var frestað og viðburðum var streymt þegar samkomutakmarkanir voru hvað harðastar. Þrátt fyrir þetta tókst að halda öll útskriftarviðburði og var útskriftarhátíðin hin glæsilegasta að vanda.

Sviðsráð er samráðsvettvangur deildanna þar sem fulltrúar akademískra starfsmanna og nemenda koma saman og ræða sameiginleg málefni. Starf sviðsráðsins hefur verið í þróun en á árinu var ákveðið að halda fundi sviðsráðanna sameiginlega svo þar hefur skapast vettvangur til samtals þvert á skólann.

Starfsfólk og nemendur eiga skilið bæði hrós og þakkir fyrir starfið á árinu einkenndist af óvenjulegum aðstæðum vegna heimsfaraldurs, fyrir að sýna skilning, sveigjanleika og þrautseigju með fagmennsku að leiðarljósi. Sem endranær er það ástríðan fyrir listinni og sú ábyrgðartilfinning sem fylgir því að tryggja nemendum það námsumhverfi sem þeir eiga skilið sem ræður för. Við förum sterkari inn í nýtt ár með þessa reynslu í farteskinu.

# TÓNLISTARDEILD

Meginhlutverk tónlistardeildar er að mennta tónlistarfólk fyrir störf í tónlist á breiðum grundvelli. Árið 2021 voru samtals 172 virkir nemendur við tónlistardeild og voru fastráðnir starfsmenn deildarinnar 26 í um það bil 16 stöðugildum:

Þriðja bylgja Covid-19 var langvinn og setti mark sitt á starf tónlistardeildar á árinu. Skólanum var ekki lokað vegna faraldursins utan fáeina daga í mars. Einkatímar og meðleikur gat því alltaf farið fram í skólahúsnaðinu og hafði það mikið að segja. Fræðakennsla og önnur námskeið sem gátu farið fram í fjarkennslu fóru fram í fjarkennslu, eða blöndu af fjar- og staðkennslu. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir sem höfðu áhrif á samstarf í deildinni tókst kennurum og starfsfólki deildarinnar að halda skólastarfi eins eðlilegu og hægt var. Stór þáttur í þeim miklu breytingum á skólastarfinu var mikill fjöldi streymisviðburða, en fjöldi tónleika og viðburða var streymt beint á streymisíðu LHÍ.

Í ljósi ástandsins lágu flest öll samstarfsverkefni milli landa og viðburðir þeim tengdum í láginni á þessu skólaári. Ráðstefnur fóru allar fram á netinu og þar sem ferðakostnaður var enginn og ráðstefnugjöld lægri var oft góð og almenn þátttaka starfsfólks. Heimsfaraldur hafði einnig áhrif á Kennara- og nemendaskipti, heimsóknir erlenda kennara féllu niður og ferðum kennara vegna erlendra samstarfsverkefna sömuleiðis. Örfáir nemendur nýttu sér þó skiptinámsmöguleika eða fóru erlendis til starfsnáms.



## Samstarf, sýningar og viðburðir

Helstu viðburðir, sýningar og samstarfsverkefni á árinu voru eftirfarandi:

### MetamorPhonics – Korda Samfónía

Tónlistardeild tók þátt í samfélagsverkefninu Metamorphonics, sem Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths er í forsvari fyrir. MetamorPhonics skapar einstakan, opinn og aðgengilegan vettvang til tónsköpunar, fyrir tónlistarnemendur á háskólastigi og fólk sem stendur á krossgötum í lífinu sem er að byggja sig upp eftir margs konar áföll, t.d. heimilisleysi, atvinnuleysi eða kulnun. MetamorPhonics rekur hljómsveitir í London, Leicester, Los Angeles og nú á Íslandi. Verkefnið náði hápunkti sínum í vor á stórtónleikum hljómsveitarinnar Kordu í Eldborgarsal Hörpu.

### Gleym-mér-ei

Nemendur söngbrautar hafa staðið fyrir tónleikaröðinni Gleym-mér-ei sem samanstendur af vikulegum hádegistónleikum í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Á hverjum tónleikum er eitt þema lagt til grundvallar efnisskránni. Tónleikarnir urðu 12 talsins sex á hvorri önn.

### Eftirlits útsendingar – orgelískt viðmót

Tónlistardeild hlaut styrk úr Miðborgarsjóði til að standa fyrir listviðburði á vetrarhátíð í febrúar sl. Þar nýttu nemendur í nýmiðlatónsmíðum lifandi streymi úr vefmyndavélum borgarinnar til að stýra midi-skilaboðum sem aftur stýrðu orgeli Fríkirkjunnar og ljósainnsetningu sem prýddi kirkjuna innandyra í rauntíma.

### Snjallhljóðfæri - Rannsóknarverkefni

Rannsóknarverkefnið Snjallhljóðfæri: að skilja gervigreind 21. aldar gegnum skapandi tónlistartækni hlaut tvær milljónir evra í styrk (rúmar 300 milljónir íslenskra króna) frá Evrópska rannsóknaráðinu. Við rannsóknarstofuna starfa nú fimm manns en starfsmenn verða átta talsins. Rannsóknarstofan er við tónlistardeild, en verkefnið er þverfaglegt og tengist inn í flest svið skólans. Eitt af markmiðum verkefnisins er að tengjast hugmyndum fólks um gervigreind og vera í samstarfi við fólk sem er að þróa svipaða hluti. Rannsóknarstofan hélt ráðstefnuna Moving Strings í desember þar sem, meðal annars, var vinnustofa og tónleikar með nýju segulómspíanói, opin samtöl og fyrirlestrar.

### Tónlistarmenn í útleð frá Þýskalandi og Austurríki, 1935–1974

Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur hlaut þriggja ára styrk til rannsóknarverkerkefnis um þrjá flóttamenn sem settu svip sinn á og mótuðu tónlistarlíf Íslendinga til frambúðar. Árni Heimir mun starfa að rannsókninni sem gestarannsakandi við tónlistardeild. Einnig mun nemendum við tónlistardeild gefast kostur á að starfa að rannsókninni auk þess sem alþjóðleg ráðstefna um tónlist og útleð verður haldin hér á landi árið 2022.

### Rannsóknarstofa í tónlist

Rannsóknarstofa í tónlist (RiT) framfylgir rannsóknarstefnu tónlistardeildar. RiT styður við rannsóknarverkefni deildarinnar og skapar vettvang til miðlunar, meðal annars með fyrirlestraröð og vefritinu Þráðum. 6. tölublað vefritaritsins Þráða kom út í lok apríl með sjö greinum eftir átta höfunda sem komu úr röðum kennara, stundakennara og nemenda.

### **Ungir einleikarar**

Sigurvegarar hinnar árvissa samkeppni Listaháskólans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands um að fá að koma fram með hljómsveitinni komu fram á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Anne-Marie Helsing í maí.

### **Leaving Tracks**

Í mars stóð tónlistardeild ásamt Menntaskóla í tónlist og fleirum að vefráðstefnunni Leaving Tracks. Ráðstefnan var hluti af samstarfsverkefninu EDU-action 2020-2021: Nurturing Excellence. Verkefnið gekk út á samþættingu mennta- og tónlistarumhverfis þátttökuríkjanna en það eru auk Íslands, Ignacy Jan Paderewski tónlistarakademían í Poznan, Póllandi og tónlistardeild háskólans í Agder, Noregi.

### **Skerpla á Myrkum Músíkdögum**

Tilraunahópurinn Skerpla var í samstarfi með The International Contemporary Ensemble, Tri-Centric Foundation og Nokia Bell Labs Experiments in Art and Technology. Skerpla tók þátt í sameiginlegum tónleikum milli heimsálfa á vef tónleikum sem voru hluti Myrkra Músíkdaga. Skerpla er hópur tónlistarmanna með aðsetur við Listaháskóla Íslands. Meðlimir eru flestir nemendur, hollnemar og starfsfólk tónlistardeildar LHÍ.

### **Furðuveröld Lísu: Ævintýraópera**

Tónlistardeild frumflutti óperu John Speight og Böðvars Guðmundssonar Furðuveröld Lísu í annarlok 2021. Flytjendur voru að mestu nemendur tónlistardeildar undir stjórn Guðna Franzsonar. Það var deildinni nokkuð kappsmál að geta frumsýnt þessa íslensku óperu í ljósi þess hve erfið starfsskilyrði nemendur deildarinnar hafa búið við undanfarið eitt og hálf ár af völdum covid.

### **European Opera Academy**

EOA er samstarfsnet fimmtán evrópskra listaháskóla um menntun á sviði óperulistar. Megináhersla EOA er að auðga reynslu og auka námstækifæri nemenda með skiptinámi og -kennslu og að þróa nám á sviði óperulistar í víðu samhengi. Á skólaárinu fór einn söngnemandi utan vegna EOA verkefnis og einn nemandi kom að utan til þátttöku í verkefni á vegum tónlistardeildar.

### **BAD – Beyond Art Disciplines?**

Samstarfsverkefnið BAD Beyond Art Disciplines? er samstarf Tónlistar- og sviðslistadeildar LHÍ, Listaháskólans í Stokkhólmi, SKH (Sviðslista- og óperudeildir) og Hanze University of Groningen (Music and Fine Arts) sem staðið hefur í þrjú ár lauk með ráðstefnu sem færð var í netheima. Í verkefninu voru kannaðar og þróaðar kennslufræðilegar aðferðir við þverfaglega nálgun samsköpun í sviðslistum, óperu, sjónlistum og tónlis





# SVIÐSLISTADEILD

Heimsfaraldur Covid 19 setti áfram mark sitt á starf sviðslilistadeildar. Mikil áhersla var á að halda úti staðarnámi í sviðslistum. Óvissa ríkti á tímabili um hvort nemendur sviðslistadeildar fengju að mæta áhorfendum í útskriftarverkefnum sínum, þar sem samkomutakmarkanir voru miklar á vorönn. Verkefnum var frestað og kallaði það á mikla endurskipulagningu og hafði það í för með sér að sýningar drógust í einhverjum tilfellum fram yfir útskrift. Útskriftarverkefni leikara var í samstarfi við Menningarfélag Akureyrar (MAK) og Þjóðleikhús en sökum faraldursins þurfti að hætta við leikferð norður á Akureyri en þess í stað fóru allar sýningar fram í Kassarum í Þjóðleikhúsinu. Meistaránemar í sviðslistum sýndu sín lokaverkefni að venju í ágúst. Frá sviðslistadeild útskrifuðust 34 nemendur. Nú í meistaránámi í sviðslistum og 25 af bakkalárbrautunum, alþjóðlegri samtímadansbraut, leikarabraut og sviðshöfundabraut.

39 nýir nemendur hófu nám við sviðslistadeild haustið 2021. Ákvörðun var tekin um að hlé verði gert á inntöku í meistaránám í sviðslistum á meðan námsbrautin fer í gagngera endurskoðun með það að markmiði að hefja aftur meistaránám í sviðslistum haustið 2023.



## Encounters

Reykjavík Dance Festival and Lókal International Theatre Festival Symposium. Nemendur og starfsfólk sótti viðburði hátíðarinnar, nemndur fengu að kynna mismunandi vinnuaðferðum listamanna hátíðarinnar í vinnustofum.

### **Ferð 3.árs leikaranema til Frakklands**

Nemendur á 3. ári leikarabrautar, ásamt Hannesi Óla Ágústssyni, fagstjóra leikarabrautar, fóru til Rennes í Frakklandi í nóvember, og tóku þátt í samstarfsverkefni með leiklistarskóla TNB, Theatre National de Bretagne. Nemendur okkar tóku þátt í 3 daga vinnustofu með 1. árs leikaranemum franska skólans, undir handleiðslu suður-afríska danshöfundarins Robyn Orlin. Einnig sóttu nemendur fjölmargar sýningar á leiklistarhátíðinni Festival TNB, og tóku þátt listamannaspjalli við listræna stjórnendur verka sem flutt voru þar.

### **Alexandria Nova**

Alexandria Nova er samstarfsnet námsbrauta í leikstjórn í Norður-Evrópu sem miðar að því að skapa alþjóðlegt og fjölbreytilegt námsumhverfi og auðga þannig nám þeirra sem stunda nám í leikstjórn á jafnan fámennum námsbrautum. Markmiðið er að efla kennslufræðilega nálgun í aðferðafræði leikstjórnarnáms. Ekki varð úr áætluðum vinnusmiðjum vegna covid-19 en tíminn nýttur til að skipuleggja vinnusmiðjur og ráðstefnu á Íslandi 2022.

### **BAD – Beyond Art Disciplines?**

Samstarfsverkefnið BAD Beyond Art Disciplines? er samstarf tónlistardeildar og sviðslistadeildar LHÍ, Listaháskólans í Stokkhólmi, SKH (Sviðslista- og óperudeildir) og Hanze University of Groningen (Music and Fine Arts) sem staðið hefur í þrjú ár lauk með ráðstefnu sem færð var í netheima. Í verkefninu voru kannaðar og þróaðar kennslufræðilegar aðferðir við þverfaglega nálgun samsköpun í sviðslistum, óperu, sjónlistum og tónlist.

### **Krufning á sjáfsmörði – Útskriftarverkefni leikara**

útskriftarverkefni Leikara var í samstarfi við Þjóðleikhúsið og LA og frumsýnt í Kassanum 30. maí 2021. Verkið sem er eftir Alice Birch var í nýrri þýðingu Sölkú Guðmundsdóttur og er nýtt og ögrandi samtímaleikverk sem vakið hefur verðskuldaða athygli um allan heim. Leikstjórnin var í höndum Mörtu Nordal og Önnu Maríu Tómasdóttur.

### **Útskriftarverkefni sviðshöfunda**

Útskriftarverkefni sviðshöfunda voru sýnd 9. til 20. júní. Átta nemendur sýndu verkefni sín sem spönnuðu vítt svið sviðslista og tóku á fjölbreyttum málefnum, allt frá sjálfsævisögulegri leikritun og biðstöðu yfir afleiðingar ofbeldis og kúgunar og leitar að manni sem spilar á banjó. Öll eiga verkefni þau sameiginlegt að nálgast sviðslistamiðilinn á tilraunakenndan og gagnrýnin hátt með forvitni að vopni.

### **Masters of the University – Útskriftarhátíð meistaranema í sviðslistum**

Meistaraneimar í sviðslistum sýndu sín útskriftarverkefni í ágúst. Nemendur tókust á við áleitnar spurningar sem snéru að veruleika listamannsins og samkomutakmarka. Sýningar þeirra fóru fram innan LHÍ í einnig í óhefðbundnum leikrýmum utan skólans.

### **Útskriftarverkefni dansara**

Útskriftarverkefni dansara af alþjóðlegri samtímadansbraut fóru fram 13.-16. maí, 8 kvendansarar útskriftarbekkjarins sýndu tvö ný og kraftmikil dansverk TEEM / IDA eftir Önnu Kolfinnu Kuran og PONDERING / VIÐ TJÖRNINA eftir Ásgeir Helga Magnússon og Cameron Corbett. Átta konur, átta dansarar, átta svanir, átt gígar. Sameinaðar koma þær áhorfendum fyrir sjónir sem náttúruafl, brunnur af þekkingu og hugrekki. Hver og ein með einstaka rödd, tilbúna til að deila styrk sínum og undrum með okkur. Þær kveikja í okkur hugsun og mannúð, baða okkur í von.



# SVIÐ ARKITEKTÚRS, HÖNNUNAR OG MYNDLISTAR

Á sviði arkitektúrs, hönnunar og myndlistar er boðið upp á 9 námsleiðir:

- 180 eininga bakkalárnám í arkitektúr, fatahönnun, grafískri hönnun, vöruhönnun og myndlist.
- 120 eininga meistaranám í arkitektúr, hönnun, myndlist og sýningargerð.

Meira líf færðist inn í byggingarnar okkar árið 2021 þó að heimsfaraldurinn hafi áfram sett sterkan svip á starfið í skólanum. Grímunotkun, sprittbrúsar, tilfærsla á viðburðum og kennslu og Covid-vænar útfærslur voru áfram hluti af daglegu lífi. Notkun fjarfundabúnaðar í kennslu og stjórnslu skólans var þónokkur en lausnamiðað starfsfólk hélt starfseminni gangandi með miklum sóma.

Nýr deildarforseti í hönnun, Katrín Ólína Pétursdóttir, tók til starfa að vori og nýr deildarforseti í myndlist, Bjarki Bragason, um haustið og hafa þau komið af miklum krafti inn á sviðið.

Sviðsráð starfaði með breyttu sniði haustið 2021 en ráðið hefur þróast í samráðsvettvang þvert á skólann þar sem allar deildir eiga fulltrúa. Á vettvangi sviðsráðs hefur skapast rými fyrir opið samtal á milli fastráðinna starfsmanna, stundakennara og nemenda. Viðfangsefni sviðsráðsfunda hafa verið margvísleg; umhverfismál, samskipti og samtal um innra starf og skipulag skólans.

Útskriftarhátíð skólans, einn af hápunktum ársins, var haldin á hefðbundnum tíma að vori. Sameiginleg sýning útskriftarnema á bakkalárstigi á sviðinu var haldin í Hafnarhúsi og sýndu þar einnig útskriftarnemar meistaranáms í hönnun. Útskriftarsýning meistaranema í myndlist var haldin í Nýlistasafninu.

Meistaranám í arkitektúr hófst haustið 2021 og munu fyrstu nemendur nýstofnaðs meistaranáms í sýningargerð útskrifast vorið 2022.

Við finnum nú sem áður fyrir miklum áhuga á samstarfi við skólann og bera yfirlit deilda um samstarfsverkefni innanlands og erlendis þess vel merki. Bjartsýn lítum við fram á veginn við lok heimsfaraldurs og hlökkum til að þróa áfram náms- og starfsumhverfi sem nærir okkur og effir sem samfélag.

# ARKITEKTÚRDEILD

Árið 2021 var um margt sérstakt í starfi arkitektúrdeilda. Meistaránám í arkitektúr hóf göngu sína haustið 2021 og er það í fyrsta skipti sem arkitektúr er kenndur á meistarastigi á Íslandi. Nemendur meistaránámsins beindu sjónum sínum að upprunum, torfinu og jörðinni í samstarfi og samtali við fjölbreyttan hóp fræðimanna og fagfólks. Náminu er skipt upp í tvo mismunandi takta, á haustönn sinna nemendur sameiginlegum rannsóknarverkefnum en á vorönn hefðbundnari hönnunarverkefnum hvert fyrir sig, innblásið af rannsóknum haustannar. Nemendur tóku þátt í ráðstefnu ICOMOS um byggingararf í samhengi náttúruvár. Haustönnin endaði á sýningu nemenda á afrakstri rannsóknarstarfsins. Árið 2021 hefur jafnframt verið unnið að því að sækja um evrópska viðurkenningu á náminu í deildinni en íslensk yfirvöld hafa nú þegar samþykkt námið sem undanfara fagheitisins arkitekt.

Á BA-stigi fór fram fjölbreytt starf eins og endranær, með mismunandi áherslum á hverju ári, þar sem nemendur á fyrsta ári kynnast grunnverkfærum og – hugmyndafræði arkitektúrs, áherslan á öðru ári er í borginni og þriðja árið beinir sjónum sínum að byggð utan höfuðborgarsvæðisins og í samhengi náttúru. Á vordögum voru nemendur á fyrsta ári með árlega sýningu sína á verkum í Öskjuhlíð, sem unnin voru með Birni Guðbrandssyni. Á haustönn fóru nemendur á fyrsta og öðru ári í námsferð til La Tourette klaustursins sem hannað var af Le Corbusier. Nemendur á fyrsta ári héldu sýningu í Hönnunarsafni Íslands í tengslum við skrásetningu prófessoranna Hrefnu Þorsteinsdóttur og Hólmmfríðar Ósmann Jónsdóttur á höfundarverki Högnu Sigurðardóttur. Innlendir og erlendir arkitekta og fræðafólk heimsótti skólann og héldu fyrirlestra og heimsóttu vinnustofur. Þá hafa nemendur á öðru ári haldið lokakynningu á greiningu á borginni í gegnum námskeiðið Urban Lab undir stjórn Massimo Santanicchia, í þetta skipti í Elliðaárdal, meðal annars fyrir borgarstjóra Reykjavíkur, Dag B. Eggertsson og rektor LHÍ Fríðu Björk Ingvarsdóttur.

Í útskriftarverkefni BA-nema hefur Dagur Eggertsson arkitekt bæst við hóp fastráðinna kennara sem gestaprófessor.

Þá má nefna að í heimsfaraldri hélt deildin úti afþreyingu og samveru fyrir nemendur og kennara, má þá helst nefna Arkibíó sem haldið var á fimmtudagskvöldum yfir vorönn og opið morgunkaffi á föstudagsmorgnum, hvort tveggja með hjálp fjarfundabúnaðar.

Deildarforseti tók jafnframt þátt í fyrirlestrahaldi, pallborðsumræðum og samstarfi við ýmsa aðila og stofnanir, m.a. á Norrænni ráðstefnu um New European Bauhaus, verkefni Evrópusambandsins, Earthbuild og ráðstefnu Náttúruverndar. Jafnframt hefur hún unnið sem fulltrúi skólans á vegum Grænni byggðar og í ráðgjafahópnum Betri byggingar sem er viðbragð við niðurlagningu Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins/ Nýsköpunarmiðstöð.

### Samstarf, sýningar og viðburðir

Helstu viðburðir, sýningar og samstarfsverkefni á árinu voru eftirfarandi:

- Sýning nemenda á fyrsta ári á innsetningum í Öskjuhlíð, kennari Björn Guðbrandsson
- Samstarf á meistarastigi við Þjóðminjasafnið, rýnt í húsasafn þess
- Ferð meistaránema á Keldur og í Íslenska bæinn
- Þátttaka meistaránema á málþingi ICOMOS um byggingararf í samhengi náttúruvár
- Sýning meistaránema í arkitektúr á rannsóknarstarfi haustannar í vinnustofu
- Námsferð fyrsta og annars árs til La Tourette í Frakklandi, kennarar Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir og Birta Fróðadóttir
- Kynning 2. árs nema í arkitektúr á greiningarstarfi Urban Lab fyrir borgarstjóra, kennari Massimo Santanicchia
- Sýning 1. árs nema á Hönnunarsafni Íslands í tengslum við skrásetningu á verkum Högnu Sigurðardóttur – unnið undir handleiðslu Hrefnu Þorsteinsdóttur og Hólmfríðar Ósmann Jónsdóttur
- Hönnunarverðlaun Íslands – fulltrúi LHÍ í dómnefnd Hildigunnur Sverrisdóttir deildarforseti
- NBAA (Nordic Baltic Academy of Architecture) Hildigunnur Sverrisdóttir deildarforseti sótti fund samtakanna
- Fyrirlestur frá tékkneska arkitektinum og fræðamanninum Michal Hajduk
- Fyrirlestur Hjörleifs Stefánssonar um byggingararf



# HÖNNUNARDEILD

Starfsemi hönnunardeildar árið 2021, var líkt og árið á undan með óvenjulegu sniði vegna heimsfaraldurs Covid-19, en þrátt fyrir áskoranir og takmarkanir fór fram fjölbreytt starf í deildinni eins og endranær, þökk sé lausnamiðuðu starfsfólki og nemendum. Á BA braut fatahönnunar var samþætting tækni og verkþekkingar við vinnustofuáfanga aukin á öllum árum og lögð áhersla á að verkefnaskil væru almennt í formi fullbúinna flíka á líkama í stað teikninga. Aukin áhersla er nú á rannsóknir og nýsköpun í textílaðferðum sem taka mið af umhverfismálum.

Umhverfismál eru ætíð ofarlega á baugi á BA braut vöruhönnunar og gagnrýnin, skapandi hugsun þjálfuð og sett í samhengi. Áhersla hefur verið á að nemendur kynnist sjálfum sér og samfélaginu í samstarfsverkefnum sem byggð eru á ferlishugsun hönnunar auk þess sem nemendur horfa til framtíðar í tilgátuverkefnum (speculative design).

Breytingar og þróun sem eiga sér stað í samfélaginu og umhverfi hönnuða voru sett í samhengi á BA braut grafískrar hönnunar þar sem nemendur eru þjálfaðir í að tileinka sér fjölbreytilega möguleika miðlunar. Námið byggir á hefðbundnum grunni, en samhliða eru nemendur þjálfaðir í skapandi og gagnrýnni hugsun og greiningu á viðfangsefnum sínum. Á haustönn var samtal hafið við fyrirtæki sem leggja áherslu á notendamiðaða hönnun og leikjafyrirtæki til að kanna möguleika á að þróa námsleið með slíkum áherslum.

Í meistaranámi hefur áhersla verið á rannsóknamiðað nám sem sameinar hönnun og miðlun og félags- og náttúruvísindi. Þannig hefur námið byggst á að efla siðferðileg vitund í samtali við samfélagið og menningu samtímans. Á árinu var komið að reglubundinni endurskoðun námsleiðarinnar og var þá ákvörðun tekin um að gera eins árs hlé, þ.e.a.s.taka ekki inn nýnema haustið 2022, en taka námsleiðina til gagn Gerrar endurskoðunar með spennandi umbætur að markmiði.

Á skólaárinu voru á öllum brautum deildarinnar tekin skref í að auka samfellu þátta þ.m.t. fræði, tækni, verkstæða og vinnustofuáfanga til að gera námið markvissara og auka gæði.



### Samstarf, sýningar og viðburðir

Helstu viðburðir, sýningar og samstarfsverkefni á árinu voru eftirfarandi:

- Útgáfa í prenti og á vef (Farvegir og Form) 3. árs nema í grafískri hönnun á sjónrænni rannsókn lokaverkefna. <https://farvegirogform.is>
- Samstarf við Unifem og Un Women. Nemendur á 1.ári í grafískri hönnun unnu samfélagsmiðlaherferðir.
- Dómur gegn plasti: ný vidd í list- og hönnunarnámi (Plastic Justice). Alþjóðlegt samstarfsverkefni á vegum Erasmus. Nemendur í grafískri hönnun þróa sjónrænar samskiptaleiðir sem varpa ljósi á alvarleika mengunar vegna örplasts í umhverfinu. Umsjón fyrir hönd námsbrautar er í höndum Hrefnu Sigurðardóttur, lektors: <https://plasticjustice.eu/partner/>
- FISHSkin – Developing Fish Skin as a Sustainable Raw Material for the Fashion Industry alþjóðlegt rannsóknarsamstarfsverkefni styrkt af Marie Curie áætlun evrópska rannsóknaráðsins. Fulltrúi deildarinnar er Katrín María Káradóttir, dósent í fatahönnun. Verkefni til þriggja ára en tafir hafa orðið vegna ferðatakmarkana heimsfaraldurs.
- Unglist – Árleg veggspjaldasamkeppni nemenda í grafískri hönnun. Sigurvegari 2021 var Hugi Ólafsson.
- Nemendarferð 2. árs í grafískri hönnun til Húsavíkur.



- Samstarf nemenda á 2. ári í vöruhönnun við ýmis fyrirtæki í landinu þ.á.m. Beyki, BM Vallá, Plastiðjan, Seglagerðin, Sóló húsgögn, Stjórnublikk, Varma, Össur í verkefninu Staðbundin framleiðsla.
- Nemendur í vöruhönnun á öllum árum heimsóttu stafrænt hönnunarvikuna í Hollandi. <https://ddw.nl>
- Námsferð 1. árs nema í vöruhönnun til Patreksfjarðar þar sem nemendur kynntu sér staðbundin hráefni, framleiðslu og samfélagið á staðnum.
- Alþjóðlegt samstarfsverkefni á vegum Nordplus horizontal. Nemendur á 3. ári í vöruhönnun unnu þekkingargrunn um þörungum við Íslandsstrendur í verkefninu Algae for design led transition towards blue bio-economy. <https://www.viaa.gov.lv/lv/media/11705/download>
- Samstarf og tískusýning (Misbrigði) nemenda á 2. ári í fatahönnun við Rauða krossinn um nýsköpun úr óseljanlegum textíl.
- Samstarf og námsferð 3. árs nema í fatahönnun textílmíðstöð Íslands á Blönduósi um stafrænan vefnað.
- Alþjóðlegt samstarf og sýning 2. árs nema í fatahönnun við Cristobal Balenciaga Museoa á Spáni.
- Samstarf meistaranema við Auðnu tækniorg. TTO Iceland / Auðna: hönnun fyrir erfiðar aðstæður. <https://ttoiceland.is/>
- Námsferð og samstarf meistaranema við Háskólasetur Vestfjarða undir yfirskriftinni Narrative Territories: <https://www.instagram.com/p/CMHVEZvAeDZ/>
- Samstarf meistaranema við Umhverfisfræði í HÍ: <https://www.instagram.com/p/CXPU2uEgHgQ/>
- Alþjóðlegt samstarf við MA Ecology Futures at Van Joost Academy: samvinnuverkefni á Íslandi: <https://www.akvstjoostmasters.nl/programmes/ecology-futures>
- Sýning í Bíó Paradís á stuttmyndum meistaranema unnum í samstarfi við Umhverfisfræði HÍ.
- Sýning meistaranema á rannsóknarstarfi haustannar í Sjóminjasafninu í Reykjavík.
- Útgáfa/grein um samstarf meistaranema við Syðra Holt um framtíð búskapar: <https://medium.com/iceland-university-of-the-arts/can-design-help-regenerate-a-future-for-our-farms-b5ce15b54f1f>
- Útgáfa á rannsókn meistaranema um borgarumhverfi. Signaturastudio. <https://www.instagram.com/signatura.studio/?hl=en>
- Fyrirlestur á vegum meistaranáms Hönnunardeildar: Sigurður Gíslason, prófessor í jarðefnafræði við HÍ um CarbFix: [https://www.instagram.com/p/CJyylmADt\\_/](https://www.instagram.com/p/CJyylmADt_/)
- Fyrirlestur á vegum meistaranáms: Gediminas & Nomedas Urbonas frá MIT: [https://www.instagram.com/p/CTfbH\\_8gBz3/](https://www.instagram.com/p/CTfbH_8gBz3/)
- Framlag Listaháskólans á Hönnunars Mars 2021: The Lair of Aquatic Transmissions. Fulltrúar fyrsta árs hönnunar og arkitektúrs settu upp sýningu og framleiddu hlaðvarp í samstarfi við Útvarp 101. <https://transmissions.lhi.is/>

# MYNDLISTARDEILD

Nám við myndlistardeild er á BA og MA stigi. Í MA námi eru tvær námsleiðir annarsvegar myndlist og hins vegar sýningargerð. Tveir þriðju hluti náms við deildina er verklegt en einn þriðji fræðilegs eðlis sem fléttast í gegnum námið í formi skyldu og valnámskeiða.

Vorönn í BA námi markast af valnámskeiðum fyrir 1. og 2. ár en önninni lýkur með vinnustofum með áherslu á sjálfstæða vinnu. 3. árs nemendur skila BA ritgerð í janúar og sækja ýmist vinnustofu á landsbyggðinni eða í borginni sem undanfara BA verkefni. Haustönn hverfist um inngangsnámskeið fyrir 1. ár, sérhæfð miðlatengd námskeið fyrir 2. ár og vinnustofu á 3. ári þar sem nemendur vinna að einkasýningu ásamt því að skrifa BA ritgerð. Fræðanámskeiðin miða að því að byggja sameiginlegan grunn á þeim kenningum sem myndlist í samtímanum markast af auk valnámskeiða.

Á vorönn sækja MA nemar á 1. ári verkleg námskeið í myndlist og sýningargerð. Námskeiðin fela m.a. í sér „site-specific“ samstarfsverkefni með nemendum í Listfræði í HÍ sem lýkur með sýningu en sýningargerðarnemendur sýningarstýra samsýningu og taka þátt í starfsnámi á listastofnunum. Jafnframt sækja nemendur val og skyldu í fræðanámskeiðum. Á vorönn á 2. ári setja myndlistarnemendur upp einkasýningu og samsýningu, en sýningargerðarnemar vinna einstaklingslega að og raungera sýningarstýrðri sýningu. Nemendur á báðum námsleiðum í MA á 2. ári vinna að og skila MA ritgerð. Á haustönn sækja MA nemar á 1. ári verkleg námskeið ásamt því að sækja málstofur, fræði og valnámskeið. Á 2. ári vinna nemendur í myndlist og sýningargerð jöfnum höndum að verklegum námskeiðum með fræðilegri kennslu og ritgerðarskrifum.

Tíu akademískir starfsmenn eru fastráðnir við deildina að deildarforseta meðtöldum. Árið 2021 tók nýr deildarforseti til starfa um haustið og einnig var nýráðning háskólakennara í fræðum. Tugir stundakennara og gesta sinna kennslu við deildina á hverri önn í lengri og styttri námskeiðum.

Starf myndlistardeildar gekk vel þrátt fyrir miklar áskoranir heimsfaraldurs og lagðist þar á eitt jafnaðargeð nemenda og einurð kennara og starfsfólks að halda úti námi í erfiðum aðstæðum.



### Samstarf, sýningar og viðburðir 2021

Helstu viðburðir, sýningar og samstarfsverkefni á árinu voru eftirfarandi:

#### Opnir fyrirlestrar við myndlistardeild 2021

- Shary Boyle, „Beneath the Palace“
- Miles Greenberg, í samstarfi við Sequences
- Katharina Grosse í samtali við Gregory Volk, „Step Right Up“
- Sirra Sigrún Sigurðardóttir, „Ef lýsa ætti myrkva“
- Rebecca Erin Moran
- Una Björg Magnúsdóttir
- Gelitin
- Josephine van Schendel

#### BA Myndlist

- Late night snow show, Vinnustofa á landsbyggðinni, sýning og samstarf við Verksmiðjuna á Hjalteyri
- Vinnustofa í borginni, sýning og samstarf við Árbæjarsafn
- Einkasýningar BA nemenda í galleríum deildarinnar
- Útskriftarsýning í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi í sýningarstjórn Unu Bjargar Magnúsdóttur
- Ekki Drama, samsýning 2. árs nema
- Quality Art, samsýning 1. árs nema
- Athafnir, samsýning BA nemenda, samstarf við sýningarrýmið OPEN
- Opnar vinnustofur nemenda í myndlistardeild

### MA Myndlist og sýningagerð

- Einkasýningar MA nema í myndlist í galleríum deildarinnar, vorönn 2021
- Berskjölduð / Unarmed, sýning í Listasafni Reykjanesbæjar unnin af 1 árs MA nemum í sýningagerð á vorönn 2021
- Sýningaröð í Midpunkt, Kópavogi. Sýningaröðin var unnin af nemendum í MA sýningagerð, BA myndlist í LHÍ og BA listfræði í HÍ sem sóttu námskeiðið Sýningagerð og sýningastjórnun / Creating & Curating Exhibitions. Í námskeiðinu unnu nemendur jafnframt greinar, viðtöl, og veflægar „hybrid“ sýningar í samstarfi við Artzine vefrit / Happy Hour Gallery, og tóku þátt í gerð sýningarinnar Í síkvikri mótun: Vitund og náttúra, í Norræna húsinu, vorönn 2021
- Aldrei endir, Útskriftarsýning í Nýlistasafninu í sýningarstjórn Sunnu Ástþórsdóttur
- Gerðuresque, samsýning 1 ár nema í myndlist í Gerðarsafni, í sýningarstjórn 1.árs nema í sýningagerð og MA nema í áfanga um sýningastjórnun og miðlun við Háskóla Íslands, vorönn 2021
- Steypa/ Concrete, Samsýning MA nemenda í myndlist og sýningagerð í Verksmiðjunni á Hjalteyri, samstarf við Gústav Geir Bollason, haustönn 2021
- Kveikjuþræðir, Layers unraveling, samsýning 1 árs nema í myndlist í sýningarstjórn 1 árs nema í sýningagerð LHÍ við lok haustannar 2021

### Umræðuþræðir, samstarf við Listasafn Reykjavíkur og Kynningarmiðstöð Íslenskrar myndlistar

Gestir og fyrirlesarar 2021:

- Cassandra Edlefsen
- Gregory Volk

### Rannsóknarverkefni

Vísitásiur, listrannsóknarverkefni Bryndísar Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson, fjármagnað til þriggja ára af Rannís (rannsóknir, sýningar og útgáfa) er hýst innan Listaháskólans. Að verkefninu koma aðilar m.a. frá Háskóla Íslands, Anchorage Museum í Alaska, Listasafnið á Akureyri, U.S. Bureau of Ocean Energy Management, Þjóðminjasafni Íslands. Verkefnið er fyrsta listrannsóknarverkefnið til að hljóta viðlíkan styrk frá Rannís.

### Útgáfa

Tímaritið *Myndlist á Íslandi* var gefið út í fyrsta sinn vorið 2021. Það er samstarfsverkefni myndlistardeildar LHÍ, Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar (KÍM), Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM), Listfræðafélags Íslands og Myndlistarráðs.

### Samstarf

Myndlistardeild á í samstarfi við fjölda stofnana, listamannarekinna rýma og aðila innanlands sem utan. Nemendur koma til og fara frá deildinni í styttri og lengri dvalir á vegum Erasmus og KUNO (samstarfsnet myndlistardeilda listaháskóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum) á hverri önn.



# SVIÐ AKADEMÍSKRAR ÞRÓUNAR

Sviðsforseti akademískrar þróunar, Hulda Stefánsdóttir, var ráðinn til starfa 1. febrúar og þá hófst innleiðing á nýju sviði sem ætlað er að leiða og styðja við þróun á námi, kennslu og rannsóknum við Listaháskólann. Sviðið vinnur að þverfaglegum markmiðum, uppbygginu og þróun meistaranáms, undirbúningi doktorsnáms í listum og eftirfylgni með stefnu skólans í samráði við aðra stjórnendur. Undir sviðið heyra listkennsludeild ásamt miðlægum akademískum stöðeiningum rannsókn- og kennslustuðnings, alþjóðaskrifstofu, bókasafns- og upplýsingaþjónustu og verkstæða. Nánar er fjallað um svið akademískrar þróunar í stofnanaskýrslu LHÍ sem unnin var í tengslum við gæðaúttekt háskólans í september 2021 en framan af árinu var vinna að skýrslugerð fyrirferðarmikil þáttur í vinnu starfsmanna sviðsins, auk stefnumótunar og innleiðingu þess í starfsemi háskólans. Bæði lagði Gæðaráð íslenskra háskóla áherslu úttekt á umgjörð rannsóknastarfs háskóla með því að tileinka málefnum sérstakan kafla í annarri lotu stofnanúttektar (QEF2) auk þess sem Listaháskólinn fjallaði sérstaklega um reynslu af nýju námsmatskerfi sem valins tilviks og áherslukafla (Case Study) í starfsemi háskólans á síðustu árum.

## Listkennsludeild

Deildarstarfið gekk ótrúlega vel miðað við þá umgjörð sem samfélaginu var enn búin við upphaf árs, aðstæður sem nemendur og kennarar tókust á við af mikilli yfirvegum og fagmennsku sem fyrr. Kennsla var blönduð, bæði á netinu og í raunheimum allt árið. Fastráðnir starfsmenn deildarinnar voru sex í sex stöðugildum fyrri hluta árs, þar af fjórir akademískir starfsmenn auk deildarforseta og deildarfulltrúa/verkefnastjóra. Nemendur voru rúmlega 80. Á haustmisseri bættist deildinni liðsauki við ráðningu í hálfstöðugildi nýs aðjúnkt til viðbótar fjórum háskólakennurum auk deildarfulltrúa og deildarforseta.

## Samstarfsverkefni

Samstarfsverkefni deildarinnar eru allnokkur og margvísleg. Þau helstu voru alþjóðlegu samstarfsverkefnið SWAIP (Social inclusion and Well-being through the Arts and Interdisciplinary Practices) og PIMDE (Pedagogy of Imaginative Dialogues) sem styrkt eru af Erasmus+ áætluninni.

SWAIP verkefnið ber á íslensku titilinn Listsköpun, virkni og velferð. Listaháskóli Íslands stýrði verkefninu, sem er unnið í samstarfi við Háskólann í Porto, Háskólann í Alicante, Háskólann í Herfordshire, Myndlistarakadémiuna í München, Metropolia háskólann í Helsinki og AEC samtök tónlistarháskóla í Evrópu. Afrakstur verkefnisins var kynntur á opnu málþingi í júní 2021 (<https://swaipproject.lhi.is/>). Frekari útfærsla á námsbrautinni stendur yfir og er stefnt að því að námið hefjist haustið 2023.

PIMDE verkefninu er stýrt af Hanzehogeschool Groningen í Hollandi. Verkefnið hófst sumarið 2020 og er til 36 mánaða. Samstarfskólar eru auk Íslands; frá Finnlandi, Noregi og tveggja háskóla í Hollandi. Hugmyndin á rætur sínar í því að samhliða aukinni lýðræðisvæðingu í Evrópu hefur öfgahreyfingum vaxið fiskur um hrygg ásamt útlendingaandúð og hugmyndum um afturhvarf til kúgandi einræðis og forsjarhyggju í siðferði. Í verkefninu er unnið að því að þróa aðferðir fyrir myndlistarnám sem byggja á samtali og tengslum ólíkra skoðana. Meistararnemar í listkennslu ásamt kennurum úr háskólunum ferðast á milli landanna og vinna með ólíkum samstarfsaðilum á hverjum stað þar sem þessar aðferðir eru reyndar og þróaðar. Samstarfsaðilar á Íslandi eru Fjölbrautarskólinn í Breiðholti, Borgarbókasafn og Gerðuberg. Útkoma verkefnis verður í formi fræðigreina og kennsluefnis sem og nýrra námskeiða í kennaramenntun.

Síðastliðin fjögur ár hefur deildin verið í samstarfi við List fyrir alla, sem er barnamennningarverkefni á forræði Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Verkefnið ber heitið Listalest Listaháskóla Íslands. Markmið verkefnisins er: "...að velja og miðla listviðburðum um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag." Samstarfið felur í sér að nemendur listkennsludeildar skipuleggja þverfaglegar vinnusmiðjur fyrir unglinga í skólum á landsbyggðinni, fara á staðinn og vinna með nemendum í 2-3 daga og setja upp sýningu. Heimsfaraldur hefur sett ferðahömlur á nemendur og því voru verkefnið gerð aðgengileg á vef List fyrir alla og eru þar í gagnabanka sem kennarar á öllu landinu geta nýtt sér í kennslu. <https://veita.listfyriralla.is/listalestin/>

Líkamleg gagnrýnin hugsun (Embodied critical thinking) er hluti af rannsóknum Guðbjargar R. Jóhannesdóttur, lektors. Verkefnið, er hýst við heimspekideild HÍ <http://ect.hi.is/workshops-and-assessment/>. Guðbjörg er einnig samstarfsaðili að Training Embodied Critical Thinking sem er þriggja ára verkefni 2021-2023 styrkt af Erasmus+ og SOTAN (State of the Art) sem er þverfaglegt tengslanet listamanna, iðkenda, vísindamanna og samtaka: <https://www.trainingect.com/>

Vettvangsnám og æfingakennsla er stór hluti af námi í listkennsludeild. Það reyndi því á útsjónarsemi og sveigjanleika allra aðila sem koma að vettvangsnámi ársins. Nemendur fengu þó allir tækifæri til að spreyta sig í kennslu á vettvangi, bæði á staðnum og í fjarfundabúnað. Þjálfunin var vissulega flóknari í útfærslu en reynslan varð að sama skapi fjölbreyttari en oft áður og því ekki síður lærdómsrík en við „eðlilegar“ aðstæður.

Á árinu var undirritaður samstarfssamningur milli Listaháskólans og Háskólans á Akureyri. Samningurinn kvað á um umsjón listkennsludeildar og kennslu tveggja námskeiða í listgreinum við kennaradeild HA. Námskeiðin fóru fram á haustmisseri 2021 og tókust mjög vel að mati allra aðila. Stefnt er á áframhaldandi og frekari samvinnu háskólanna.

Listkennsludeild og Borgarbókasafnið í Gerðubergi gerðu með sér samning um að allir útskriftarviðburðir deildarinnar veturinn 2021-22 fari fram í húsakynnum Borgarbókasafnsins í Gerðubergi. Viðburðir deildarinnar munu fara fram víðsvegar í Gerðubergi og verða opnir almenningi.

Listkennsludeild Listaháskóla Íslands hefur undanfarin ár boðið upp á listnámskeið fyrir áhugasama krakka í 4.- 6. bekk. Haustið 2021 var svo boðið upp á Heimspekiskóla LHÍ, ókeyppis námskeið fyrir 12-15 ára. Í Heimspekiskólanum taka nemendur þátt í heimspekilegri samræðu um margvíslegar spurningar. Kennara námskeiðanna eru meistaranemendur deildarinnar undir leiðsögn háskólakennara.

### **Stuðningur við rannsóknir**

Nýr verkefnastjóri rannsókna og gæða kom til starfa 1. apríl 2021. Innleiðing nýs fyrirkomulags innra mats rannsóknafrakstur hófst um haustið. Innra matskerfi háskólans er ætlað að veita gagnrýnin faglegan stuðning við þróun og úrvinnslu rannsóknaverkefna með jafningjasamtali og endurgjöf. Markmiðið er að tryggja gæði rannsókna og efla rannsóknamenningu skólans þannig að Listaháskólinn sem stofnun, og akademískir starfsmenn sem rannsakendur, öðlist skilning og viðurkenningu á þeim viðfangsefnum, aðferðum og afrakstri sem rannsóknir við skólann fela í sér. Vinna rannsóknarnefndar fagráðs að matskvarða gæðamats rannsóknarstarfs stendur yfir. Tafir hafa orðið á opnun landsgagnagrunns ráðuneytis háskólamála um rannsóknastarf háskóla og háskólastofnana, ÍRIS (Icelandic Research Information System). Fyrirhugað er að opna gagnagrunninn haustið 2022 og hefjast skráningar starfsmanna frá þeim tíma.



Þrjú rannsóknaverkefni voru hýst við háskólann á árinu. Ísbirnir á villigötum (Visitations: Polar Bears out of Place) verkefni Bryndísar Snæbjörnsdóttir, prófessors og fagstjóra meistaranáms í myndlist og Mark Wilsons, prófessors við Cumbria háskóla var fram haldið. Verkefnið er stutt af Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs. Sýning á hluta afraksturs þessa viðamikla listrannsóknarverkefnis, Vísitasíur, var opnuð í Listasafni Akureyrar í september. Bryndís og Mark hlutu nýverið myndlistarverðlaun ársins 2021 fyrir sýninguna.

Rannsóknaverkefni Árna Heimis Ingólfssonar, Tónlistarmenn í útleið frá Þýskalandi og Austurríki og áhrif þeirra á íslenskt tónlistarlíf 1935 – 1974 hlaut styrk í ársbyrjun úr sama rannsóknarsjóði og verður hýst við Listaháskólann næstu þrjú árin.

Rannsóknaverkefnið Snjallhljóðfæri: að skilja gervigreind 21. aldar gegnum skapandi tónlistartækni (INTENT) hófst formlega í ársbyrjun eftir að tilkynnt hafði verið um tveggja milljón evra styrk frá Evrópska rannsóknaráðinu (ERC) við lok undangengins árs. Þessi veglegi verkefnastyrkur boðar tímamót fyrir háskólann og rannsóknir á fræðasviði lista hér á landi. Rannsóknarstofan réði fyrstu starfsmenn til verkefnisins á árinu, nýdoktor, hljóðfærasmíð/rannsakanda, verkefnastjóra og fyrsta doktorsnemmann af þremur og stóð að vikulegum viðburðum Opinna vinnustofa, auk fjölmargra kynninga innan deilda háskólans og utan á árinu.

Útgáfusjóður LHÍ veitti samtals 2,3 milljónum til fjögurra verkefna akademískra starfsmanna á árinu. Rannsóknarsjóður LHÍ veitti samtals 2, 1 milljón til þriggja verkefna akademískra starfsmanna á árinu. Þremur rannsóknarleyfum var úthlutað í desember. Þau hlutu Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, lektor í listkennsludeild, Berglind María Tómasdóttir, prófessor í tónlistardeild, og Thomas Pausz, dósent í hönnunardeild.

17 nemendum Listaháskólans voru tryggð sumarstörf með styrkjum úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Alls voru um að ræða 12 verkefni úr fjórum deildum.

Hugarflug, árleg ráðstefna Listaháskólans, var haldið dagana 8. til 14. febrúar. Yfirskriftin var Vendipunktur – Turning Point og var ráðstefnunni streymt á netinu. Lykilfyrirlesarar voru Rebecca Solnit, Bonaventure Soh, Bejeng Ndikung og Þórhallur Magnússon.

Framlag Listaháskólans til ráðstefnu Háskóla Norðurlóða (UARctic) sem haldin var í Reykjavík í maí var sýningarverkefnið Í síkvikri mótun: vitund og náttúra. Sýningin var unnin í samstarfi við Norræna húsið, og styrkt af verkefnasjóði á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (Nordregio).

### **Stuðningur við kennslu og kennsluþróun**

Meðal helstu verkefna ársins hvað varðar kennslustuðning og kennsluþróun voru þátttaka í stofnanaúttekt Gæðaráðs háskólanna þar sem sjónum var sérstaklega beint að greiningu á reynslu af nýju námsmatskerfi: S/F og leiðsagnarmati háskólans sem nú hefur verið innleitt í öllum deildum. Áframhaldandi stuðningur var við fjarkennsluhætti og blandaða kennslu staðar- og fjarnáms í viðvarandi ástandi heimsfaraldurs. Verkefnastjóri kennslu hefur og umsjón með úrvinnslu og eftirfylgni kennslumats allra námskeiða háskólans við lok anna með það fyrir augum að bæta stuðning við kennara og þjónustu og stuðning við nemendur, í samstarfi við námsstjóra. Innleiðing á nýju kennslukerfi Canvas hófst á árinu undir umsjón verkefnastjóra kennslu, kennslunefndar fagsráðs, tæknisviðs skólans og verkefnastjóra kynninga. Um haustið bauðst kennurum skólans í fyrsta skipti að sækja námskeið í kennslufræðum háskólastigsins. Um er að ræða námskeið í tveimur hlutum sem spanna allt skólaárið, 5 ECTS á haustönn og 5 ECTS á vorönn. Viðtökur voru afar góðar og til stendur að bjóða slíka námskeið árlega.

### Alþjóðaskrifstofa

Þrátt fyrir áframhaldandi ferðatakmarkanir á árinu héldu þónokkur alþjóðleg samstarfsverkefni faggreina skólans virkni sinni á árinu. Komur og ferðir skiptinema til og frá skólanum voru sömuleiðis með ágætum þrátt fyrir krefjandi aðstæður. 53 skiptinemar dvöldu við háskólann á árinu og 36 nemendur LHÍ fóru utan, einhverjir þó til skemmri dvalar en til stóð vegna skólalokana erlendis. Starfsmannaskipti drógust verulega saman en féllu þó ekki alveg niður. Nánari grein er gerð fyrir alþjóðlegum samstarfsverkefnum í annálum fagdeilda.

### Bókasafn

Bókasafnið er háskólabókasafn, er opið almenningi og er stærsta sérfræðisafn landsins á sviði listgreina. Árið 2021 bættust við safnkostinn rúmlega tólf hundruð nýskráð eintök, bæði með innkaupum og gjöfum. Í Þverholti er aðstaða til einstaklings- og samvinnu sem og fyrir smáa viðburði. Í Laugarnesi er mikið magn rita og takmarkað rými fyrir vinnu á safninu.

Skerðing varð á starfseminni fyrri hluta árs 2021 vegna heimsfaraldursins. Bókasafnið var lokað gestum 4.-28. janúar en starfsmenn voru í vinnu. Áhersla var lögð á útlánaþjónustu og upplýsingaþjónustu til að sem minnst skerðing yrði á námi. Notendur gátu pantað gögn og sótt og skilað í afhendinga- og skilakörfur bókasafnsins í anddyri hverrar byggingar. Vel var gætt að sóttvörnum og safngögn hreinsuð en starfsmenn safnsins sáu um að koma safngögnum milli bygginga. Þann 25. mars voru sóttvarnaaðgerðir hertar á ný og í þetta sinn var safnið lokað gestum með sama hætti og áður til og með 7. apríl.

Á haustönn var áhersla lögð á fræðslu í upplýsingalæsi, upplýsingaleit og heimildavinnu. Kennarar fengu fræðslu á deildarfundi hverrar deildar. Fræðsla fyrir nemendur, nýnema sem og lengra komna í námi, fór fram í kennslustundum á safninu í Þverholti og einnig haldnir fræðslufundir á netinu m.a. fyrir erlenda nemendur og skiptinema.

Í Ritveri er veitt ráðgjöf í upplýsingaleit og heimildavinnu, viðtalstímar eru bókaðir í gegnum vef bókasafnsins en enn er ekki bolmagn til að sinna ráðgjöf varðandi uppbyggingu ritgerða, gerð rannsóknaspurninga eða um textagerð í fræðilegum skrifum. Ánægjulegt er að kennarar nýttu talsvert setustofu safnsins í Þverholti til hópkenndu sem jók tengsl milli safnsins og deildanna.

Viðburðir á bókasafninu í Þverholti voru haustútskrift Listaháskólans þann 30. september og sýning á bókverkum nemenda í varðveislu safnsins 17.-29. nóvember. Bókasafnið var þátttakandi í undirbúningi Viku opins aðgangs í október og birti fræðsluefni og greinar í vikunni á vefsíðu safnsins og samfélagsmiðlum.

### Verkstæði

Listaháskóli Íslands rekur ellefu verkstæði í þremur byggingum. Verkstæðin hafa þróast innan deildanna en eru nú rekin sem sjálfstæð eining innan sviðs akademískrar þróunar og þjóna nemendum þvert á deildir. Störf á verkstæðum fela annars vegar í sér umsjón með daglegum rekstri og hins vegar kennslu sérfræðinga. Í sumum tilfellum sinnir sami starfsmaður þessum hlutverkum en í öðrum tilfellum er verkaskipting meiri. Nemendur sækja bæði námskeið á verkstæðum og vinna þar sjálfstætt að verkefnum innan annarra námskeiða. Þau eru ekki síður hugsuð sem staður fyrir umræður, nýjar hugmyndir og skoðanaskipti milli kennara og nemenda þvert á námsstig og deildir. Verkstæðin tengjast fagvettvangi lista- og hönnunar með aðkomu kennara, gestalistamanna og rannsakenda bæði af fagvettvanginum og úr akademíunni.



# HÁSKÓLASKRIFSTOFA

## Gæðamál

Föst verkefni í gæðastarfi felast í umbótamiðuðu starfi sem unnið er í gegnum reglubundna endurskoðun á námsbrautum, sjálfsmati deilda og stofnunarúttekt auk reksturs gæðahandbókar. Engin deild fór í gegnum sjálfsmat á árinu en til endurskoðunar voru námsbrautir listkennsludeildar og leikarabaut. Rekstur rafrænnar gæðahandbókar hófst á árinu.

Á árinu fór fram jafnframt fram stofnunarúttekt á Listaháskólanum. Úttektin er tvíþætt, í fyrsta lagi sjálfsmat Listaháskólans þar sem fjallað er um alla þætti starfseminnar og þeim lýst í ítarlegri skýrslu og fylgigögnum. Vinnan við sjálfsmatið hófst í ágúst 2020 og lauk með skilum skýrslunnar og fylgigagna í júní 2021. Markmiðið með sjálfsmatinu er að rýna í alla starfsþætti skólans, með áherslu á nám og kennslu, námsumhverfi nemenda, umgjörð rannsókna og stjórnunarhætti. Í öðru lagi er um að ræða ytra mat sem framkvæmt er af óháðri úttektarnefnd skipuð fjórum erlendum sérfræðingum og einum fulltrúa nemenda frá íslenskum háskóla. Nefndin hefur það hlutverk að sannreyna þá þætti sem lýst hefur verið í sjálfsmatsskýrslunni og birtast í fylgigögnum. Heimsókn nefndarinnar fór fram við lok september 2021. Á þriðja hundrað starfsfólks, nemenda og hagaðila komu að gerð sjálfsmatsins og/eða tóku þátt í fundum úttektarteymisins þar sem þau lýstu upplifun sinni af starfsemi skólans. Niðurstaða úttektarinnar var sú að Listaháskólinn nýtur trausts (e. confidence), bæði til að tryggja gæði þeirra prófgráða sem hann veitir og til að tryggja gæði þess námsumhverfis sem nemendum er boðið. Yfirlýsing um traust (e. confidence) er besta mögulega niðurstaða sem íslenskir háskólar geta hlotið við stofnunarúttekt og er mikilvæg viðurkenning á gæðum náms við LHÍ og staðfesting á því að prófgráða frá Listaháskóla Íslands nýtur trausts á alþjóðlegum vettvangi.

## Kynningarmál

Árið einkenndist af stafrænni miðlun sökum heimsfaraldursins. Þetta á við nær allt starf kynningarteymisins sem tók til starfa sem formlegt teymi á haustmánuðum sem áður var hluti af hverri deild fyrir sig.

*Opni dagurinn*, árlegur kynningarviðburður Listaháskólans var haldinn í janúar og í október en hann er öllu jafna á haustinn. Því stóðum við fyrir Opnum degi tvisvar sinnum árið 2021 og fóru þeir báðir fram stafrænt á Instagram. Á janúarviðburðinum tóku nemendur yfir og sögðu frá náminu og lífi sínu í skólum, eins gátu áhugasamir sent þeim spurningar. Á októbertviðburðinum fór kynningarteymið um skólann, mynduðu lífið í skólanum og fengu starfsfólk og nemendur til þess að svara spurningum áhugasamra.

*Hugarflug* – Listrannsóknarráðstefna skólans fór stafrænt fram í febrúar en sýnt var frá ráðstefnunni á vef skólans og á vef RÚV. Útsending, bæði upptekið efni sem og bein útsending sem náði yfir 3 daga, var send út frá stúdíói skólans. Alls voru um 30 fjölbreyttir dagskrárliðir á ensku og íslensku með einvala listafólki, hönnuðum, fræðafólki og frábærum lykilfyrirlesturum, rithöfundinum Rebeccu Solnit, sýningastjóranum Bonaventure Soh Bejeng Ndikung og Þórhalli Magnússyni rannsóknarprófessor við Sussex háskóla. Þátttaka í ráðstefnunni fór fram úr björtustu vonum og mikil ánægja með áhorf sér í lagi erlendis frá.

*Háskóladagurinn*, yfirheiti kynningarviðburðaraðar unnin í samvinnu við alla háskóla á Íslandi var haldinn stafrænt vegna fjöldatakmakanna. Nemendur og starfsfólk svöruðu spurningum í gegnum fjarfundabúnað (TEAMS) og ýmislegt myndefni gert aðgengilegt á vef skólans til frekari upplýsinga. Öllum viðburðum tengdum deginum á landsbyggðinni var aflýst vegna heimsfaraldursins.

Útskriftarhátíðin 2021 dreifðist yfir mun lengra tímabil líkt og í fyrra vegna aðstæðna í samfélaginu og voru þónokkrir viðburðir haldnir eftir að formlegri útskrift skólans, sem fram fór í júní, lauk. Slagkraftur hátíðarinnar var því dreifðari og fjöldatakmörkanir settu aftur sína mynd á viðburðina.

Vinnsla við nýjan vef er enn í gangi og gert er ráð fyrir að vefurinn fari í loftið með haustinu.

### Mannauðsstjórnun

Af föstum verkefnum í mannauðsstjórnun var umfangsmest vinna við innleiðingu styttingar vinnuvikunnar, áframhaldandi viðbrögð við Covid-19 og nýráðningar.

Innleiðing á styttri vinnuviku hófst við lok árs 2020 og var lokið vorið 2021. Ekki var full sátt innan skólans um þá leið sem var farin til styttingar og kom stéttarfélagið Sameyki meðal annars að vinnunni. Niðurstaðan á vormánuðum var stytting um þrjár klukkustundir sem tekur til starfsfólks á stoðsviðum.

Áframhaldandi óvissa vegna Covid-19 setti svip sinn á árið og höfðu reglulegar breytingar á samkomutakmörkunum mikil áhrif á starfsemi skólans og líðan starfsfólks. Gerður var samningur við Heilsuvernd og fær starfsfólk nú niðurgreidda þrjá sálfræðitíma þar á ári.

Listaháskólinn stóðst viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi sitt sem fram fór að vori. Niðurstaða úttektarinnar var að árangur vöktunar og mælinga á jafnlaunakerfi LHÍ er jákvæður m.t.t. jafnlaunamarkmiða LHÍ. Niðurstaða launagreiningar var að ekki er mælanlegur munur á launum karla og kvenna. Innri úttekt var framkvæmd af úttektaraðilum innan LHÍ, þeim Dagmar Atladóttur og Þorsteini Þorsteinssyni. Niðurstaða úttektarstjóra iCert var að jafnlaunakerfi LHÍ uppfyllir kröfur staðalsins ÍST 85:2012.

Á árinu 2021 voru 22 stöður lausar til umsókna og voru umsækjendur 333 talsins. Um var að ræða 10 akademískar stöður og 12 stöður á stoðsviðum. Af ráðningum á stoðsviðum voru sjö tímabundnar ráðningar, fjórar þeirra vegna sumarskóla LHÍ, tvær vegna fæðingarorlofa og ein vegna veikindaleyfa.

Framgang í starfi hlutu þrír akademískir starfsmenn.

### Náms- og starfsráðgjöf

Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar er að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái notið sín í námi. Jafnframt er lögð er áhersla á að styrkja nemendur með því að veita stuðning tengdum:

- tækifærum og ögrunum í námi
- andlegri líðan og heilbrigðum lífsstíl
- samskiptum við nemendur og starfsfólk
- framtíðarsýn og tækifærum.

Síðastliðið ár hafa verið starfandi tveir náms- og starfsráðgjafar í samtals 50% hlutfalli. Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á skólastarfið og námsráðgjöfin tók þátt í að semja og leggja fyrir kannanir á líðan nemenda. Helstu niðurstöður leiddu til þess að gerður var aðgerðarlisti í kennslumálum og stuðningi fyrir nemendur. Þar var m.a. lögð áhersla á að bæta aðgengi að námsráðgjöf, auka stuðningsviðtöl og sálfræðiaðstoð.

Heimasíða námsráðgjafar LHÍ var uppfærð og gagnlegum upplýsingum bætt við, meðal annars varðandi nám, hug og heilsu og aðstoð fyrir nemendur. Bókunarsíða fyrir viðtöl hjá námsráðgjöfum var sett á heimasíðu sem gerði aðgengi að ráðgjöf mun betra.

Lögð var áhersla á margvíslega fræðslu fyrir nemendur sem var í boði námsráðgjafar LHÍ, sálfræðideildar Háskólans í Reykjavík og annarra fagaðila.

### Námsþjónusta

Námsþjónusta hefur það meginhlutverk að sjá um sameiginleg málefni sem tengjast námi nemenda. Námsstjóri og deildarfulltrúar vinna í námsþjónustunni og sjá um miðlæg verkefni eins og umsóknar- og inntökuferli, skráningar, bókanir og umsjón með stofum, stundaskrár, nemendaskírteini og útskriftargögn. Einnig annast námsstjóri ýmis mál sem tengjast stjórnslu skólans og gæðamálum svo sem endurskoðun og útgáfu skóladagatala, mat á fyrra námi og þróunarvinnu á nemendabókhalds- og kennsluvef skólans.

### Opni Listaháskólinn

Í Opna Listaháskólanum er boðið upp á opin námskeið sem eru hugsuð til símenntunar, starfsþróunar og tengslamyndunar fyrir starfandi listafólk, hönnuði og arkitekta. Einnig býðst áhugasömum listunendum að sækja opin námskeið sem kennd eru í flestum deildum skólans. Markmiðið er að glæða áhuga almennings á listum og veita sem breiðustum hópi fólks aðgang að þeirri sérþekkingu og aðstöðu sem Listaháskóli Íslands býr yfir.

Eins og árið á undan hafði COVID-19 áhrif á starf Opna LHÍ og voru færri námskeið í boði og voru flest þeirra fjarnámskeið. Þó svo flestir sakni þess að mæta á staðinn veitir fjarkennsla fólki vissulega tækifæri til þess að sækja námskeið óháð búsetu og var ánægjulegt að sjá hve margir gátu nýtt sér þann kost.

Vegna heimsfaraldurs setti mennta- og menningarmálaráðuneytið aftur fjármagn í að bjóða upp á sumarnám 2021. Skráðu um 500 einstaklingar sig í um 30 fjölbreytt námskeið bæði undirbúningsnámskeið fyrir háskólanám og námskeið á háskólastigi í öllum deildum skólans.



# STJÓRN, RÁÐ OG NEFNDIR

Miðað er við skipan í lok árs 2021.

## Stjórn Listaháskóla Íslands

Magnús Ragnarsson, *stjórnarformaður, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins*  
Guðrún Björk Bjarnadóttir, *varaformaður, fulltrúi Baklands LHÍ*  
Ólafur Sveinn Gíslason, *fulltrúi Baklands LHÍ*  
Áslaug Friðriksdóttir, *fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins*  
Karen María Jónsdóttir, *fulltrúi Baklands LHÍ*  
Þuríður Jónsdóttir, *varamaður*

## Bakland Listaháskóla Íslands

Halldór Eiríksson arkitekt, *formaður*  
Hrólfur Karl Cela  
Unnar Geir Unnarsson

## Framkvæmdaráð

Fríða Björk Ingvarsdóttir, *rektor*  
Eva María Árnadóttir, *sviðsforseti hönnunar, arkitektúrs og myndlistar*  
Hulda Stefánsdóttir, *sviðsforseti akademískrar þróunar*  
Þóra Einarsdóttir, *sviðsforseti tónlistar og sviðslista*  
Sóley Björt Guðmundsdóttir, *forstöðumaður háskólaskrifstofu*  
Haukur Björnsson, *framkvæmdastjóri*

## Fagráð

Fríða Björk Ingvarsdóttir, *rektor*  
Eva María Árnadóttir, *sviðsforseti hönnunar, arkitektúrs og myndlistar*  
Þóra Einarsdóttir, *sviðsforseti tónlistar og sviðslista*  
Hulda Stefánsdóttir, *sviðsforseti akademískrar þróunar*  
Hildigunnur Sverrisdóttir, *deildarforseti arkitektúrdeildar*  
Katrín Ólína Pétursdóttir, *deildarforseti hönnunardeildar*  
Kristín Valsdóttir, *deildarforseti listkennsludeildar*  
Steinunn Ketilsdóttir, *deildarforseti sviðslistadeildar*  
Steven Meyers, *deildarforseti kvikmyndadeildar*  
Tryggvi M. Baldvinsson, *deildarforseti tónlistardeildar*  
Sigtýr Ægir Kárason, *fulltrúi nemenda*

Stjórn Listaháskóla Íslands fer með æðsta ákvörðunarvald innan skólans og yfirumsjón málefna er varða skólann í heild. Stjórn Listaháskólans er skipuð fimm einstaklingum til þriggja ára í senn, og hefur enginn þeirra framfæri sitt af starfi við skólann eða stundar nám við hann. Mennta- og menningarmálaráðherra tilnefni tve einstaklinga í stjórnina en þrír eru kjörnir á aðalfundi Baklands Listaháskóla Íslands. Stjórn hittist mánaðarlega yfir skólaárið.

Bakland LHÍ tók yfir starfsemi Félags um Listaháskóla árið 2016. Markmið Baklandsins er að efa og styrkja Listaháskóla Íslands (LHÍ), tryggja tengsl skólans við listamenn, menningarstofnanir og atvinnulíf og stuðla að faglegri umöllum um listir og samfélag. Bakland kys þrjá af fimm stjórnarmönnum Listaháskóla Íslands og hefur jafnframt það hlutverk að móta sér stefnu og markmið til stuðnings við starfsemi LHÍ á hverjum tíma.

Framkvæmdaráð fallar um sameiginleg málefni, m.a. gæðastjórnun og skipulag skólans, rekstur, fármál, húsnæði og aðstöðu. Framkvæmdaráð undirbýr tillögur að stefnu fyrir skólann í helstu málefnum og er bakhjarl rektors í daglegri stjórn. Jafnréttisnefnd og umhverfsnefnd heyra undir framkvæmdaráð. Í framkvæmdaráði sitja auk rektors sviðsforsetar, framkvæmdastjóri og forstöðumaður háskólaskrifstofu. Aðrir sitja fundi ráðsins eftir því sem tilefni gefa til. Rektor stýrir fundum framkvæmdaráðs. Fundir eru öllu jafna tvisvar í mánuði.

Fagráð hefur ákvörðunarvald í akademískum málefnum, fallar um fagleg markmið skólans, frammistöðu og gæði og er leiðandi fyrir stjórnendur í kennslu, rannsóknnum og þróun. Kennslunefnd og rannsóknnefnd heyra undir fagráð. Í fagráði sitja rektor, sviðsforsetar, deildarforsetar, verkefnastjóri rannsókna fyrir hönd rannsóknarnefndar, verkefnastjóri kennsluþróunar fyrir hönd kennslunefndar og formaður nemendaráðs. Fundur er öllu jafna einu sinni í mánuði.

### Jafnréttisnefnd

Kristjana Stefánsdóttir, *tónlistardeild*  
 Vigdís Másdóttir, *kynningarstjóri*  
 Sóley Björt Guðmundsdóttir, *forstöðumaður*  
*háskólaskrifstofu*  
 Sirra Sigrún Sigurðardóttir, *myndlistardeild*  
 Sigtýr Ægir Kárasón, *fulltrúi nemenda*

Hlutverk jafnréttisnefndarinnar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála í Listaháskólanum og móta stefnu og áætlanir skólans í jafnréttismálum. Jafnréttisnefnd skal jafnframt sjá til þess að jafnréttisstefnan sé starfsmönnum og nemendum aðgengileg, sé sýnileg á heimasíðu skólans og stuðla að aðgengi að úrræðum. Í nefndinni sitja fulltrúar frá starfsmönnum allra deilda skólans og fulltrúi nemenda sem kemur úr nemendaráði. Starfsmenn sitja í nefndinni að lágmarki í tvö ár en fulltrúi nemenda í að lágmarki eitt ár. Í nefndinni skal ávallt sitja að lágmarki einn meðlimur frá fyrra ári. Netfang nefndarinnar er [jafnretti@lhi.is](mailto:jafnretti@lhi.is).

### Kennslunefnd

Sigríður Geirsdóttir, *verkefnastjóri kennslu*  
 Ingimar Ó. Waage, *svið akademískrar þróunar*  
 Vigdís Gunnarsdóttir, *varamaður*  
 Hildur Bjarnadóttir, *svið arkitektúrs, myndlistar og hönnunar*  
 Tinna Gunnarsdóttir, *varamaður*  
 Hannes Óli Ágústsson, *svið tónlistar og sviðslista*  
 Elín Anna Ísaksdóttir, *varamaður*  
 Elínborg Una Einarsdóttir, *fulltrúi nemenda*  
 Katrín Guðrún Sigrúnardóttir, *fulltrúi nemenda*  
 Hrafnhildur Eva Guðmundsdóttir, *fulltrúi nemenda*

Hlutverk kennslunefndar er að vinna að markmiðum er lúta að kennslustefnu Listaháskóla Íslands. Í því felst að stuðla að stöðugri þróun kennsluhátta og kennslumenningar, styðja við nemendamiðaða kennslusýn og stuðla að fjölbreyttum kennsluháttum, auk þess að hlúa að tengslum kennslu og rannsókna. Þá er nefndinni falið að vinna að því að tryggja gæði náms og kennslu, í tengslum við aðrar nefndir skólans. Kennslunefnd á að tryggja jafnræði meðal nemenda í námi og námstillögum. Ályktanir nefndarinnar ber að leggja undir fagråd til samþykktar og/eða frekari úrvinnslu.

### Rannsóknanefnd

Elín Þórhallsdóttir, *verkefnastjóri rannsókna og gæða*  
 Hulda Stefánsdóttir, *sviðforseti akademískrar þróunar*  
 Gunnús Ýr Finnbogadóttir, *listkennsludeild*  
 Ingimar Ó Waage, *varamaður*  
 Bjarki Bragason, *myndlistardeild*  
 Jóhannes Dagsson, *varamaður*  
 Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir, *varamaður arkitektúr*  
 Berglind María Tómasdóttir, *tónlistardeild*  
 Saga Sigurðardóttir, *varamaður sviðslistadeild*  
 Tinna Guðmundsdóttir, *fulltrúi meistarnema*  
 Hjalti Þór Davíðsson, *fulltrúi meistaranema*

Rannsóknanefnd starfar í umboði fagráðs, sem felur nefndinni að fjalla um skilgreind mál sem lúta að rannsóknum og uppbyggingu rannsóknamenningar við Listaháskólann, auk þess að hlúa að tengslum kennslu og rannsókna. Rannsóknanefnd styður við þróun á rannsóknarstefnu skólans og innleiðingu hennar í deildum. Ályktanir nefndarinnar ber að leggja undir fagråd til samþykktar og/eða frekari úrvinnslu.

### Umhverfisnefnd

Karólína Stefánsdóttir, *formaður*  
 Tinna Gunnarsdóttir, *hönnunardeild*  
 Gunnsteinn Ólafsson, *tónlistardeild*  
 Carl Boutard, *myndlistardeild*  
 Sigurður Einarsson Mäntylä, *fulltrúi nemenda*  
 Krístrún Hulda Sigurðardóttir, *fulltrúi nemenda*

Umhverfisnefnd fallar stöðu skólans í umhverfismálum og loftslagsmálum, mótar stefnu og gerir tillögur til þróunar á því sviði innan skólans. Í mótun umhverfisstefnu skólans ber að gera ráð fyrir því að umhverfismál og sjálfbær þróun séu þáttur í námi og vinnu nemenda.



### Hugarflugsnefnd

Hanna Styrmsdóttir, *formennska, myndlistardeild*  
Atli Ingólfsson, *tónlistardeild*  
Ásgerður Roberts Gunnarsdóttir, *sviðslistadeild*  
Gunnþís Ýr Finnbogadóttir, *listkennsludeild*  
Hildigunnur Sverrisdóttir, *arkitektúrdeild*  
Magnea Einarsdóttir, *hönnunardeild*  
Karólína Stefánsdóttir, *verkefnastjóri*

### Úrskurðarnefnd í réttindamálum nemenda

Katrín Ólína Pétursdóttir, *hönnunardeild*  
Tryggvi M. Baldvinsson, *tónlistardeild*  
Bryndís Björgvinsdóttir, *hönnunardeild*  
Peter Máté, *tónlistardeild*  
Bjarki Bragason, *myndlistardeild*

### Siðanefnd

Sóley Björt Guðmundsdóttir, *formaður*  
Guðbjörg Jóhannesdóttir  
Jóhannes Dagsson

### Öryggisnefnd

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, *öryggistrúnaðarmaður*  
Gunnar Helgi Guðjónsson, *öryggistrúnaðarmaður*  
Oddur Wilhelm, *öryggivörður*  
Haukur Björnsson, *öryggisvörður*

### Nemendaráð

Sigtýr Ægir Kárason, *formaður*  
Guðrún Kara Ingudóttir, *sviðslistadeild*  
José Luis Anderson, *tónlistardeild*  
Ragnheiður Íris Ólafsdóttir, *myndlistardeild*  
Olga Maggý Erlendsdóttir, *sviðslistadeild*

Ráðstefnunefnd Hugarflugs hefur það hlutverk að þróa áherslur og umgjörð ráðstefnunnar hverju sinni, móta kall eftir þátttöku og velja inn þátttakendur á ráðstefnuna. Nefndin starfar náið með verkefnastjóra ráðstefnunnar að framkvæmd og útfærslu.

Úrskurðarnefnd um réttindamál nemenda Listaháskóla Íslands er æðsti úrskurðaraðili innan skólans í aga málum og málum er varða réttindamál nemenda. Úrskurðarnefnd starfar samkvæmt starfsreglum.

Siðanefnd Listaháskólans starfar samkvæmt gildandi siðareglum LHÍ. Nefndin tekur til skoðunar ábendingar um brot á siðareglum og tekur afstöðu til þess hvort um brot á siðareglum sé að ræða. Nefndin heldur málaskrá þar sem skráðar eru ábendingar sem nefndinni berast, málsmeðferð og ákvarðanir um lok máls. Í siðanefnd sitja fjórir aðilar, einn fulltrúi stoðsviða sem jafnframt er formaður nefndarinnar, tveir akademískir starfsmenn og einn fulltrúi nemenda tilnefndur af nemendaráði LHÍ. Framkvæmdaráð skipar í nefndina.

Öryggisnefnd skal taka til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Nefndin kys sér sjálf formann og ritara og skulu þeir til skiptis vera úr röðum öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða. Öryggisnefndin heldur fundi eins oft og hún sjálf telur þörf á en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Nemendaráð Listaháskóla Íslands er skipað formönnum nemendafélaganna. Nemendaráð sinnir málum sem varða hagsmunamál nemenda. Ráðið tilnefnir fulltrúa í deildaráð og sjálfsmatsnefndir deilda.

### Útgáfusjóður

Ragnar Helgi Ólafsson, *rithöfundur og myndlistarmaður*  
 Þorbjörg Daphne Hall, *tónlistardeild*  
 Ragnar Freyr Pálsson, *hönnunardeild*

Hlutverk sjóðsins er að efla útgáfustarfsemi skólans og stuðla að miðlun á verkum akademískra starfsmanna. Þannig er honum ætlað að styrkja tengsl kennslu, rannsókna og nýsköpunar á fræðasviði lista. Stjórn Útgáfusjóðs er skipuð til tveggja ára í senn og í henni sitja tveir akademískir starfsmenn skólans ásamt einum utanaðkomandi aðila.

### Starfsþróunarsjóður akademískra starfsmanna

Fríða Björk Ingvarsdóttir, *rektor*  
 Hrefna Björg Þorsteinsdóttir, *arkitektúrdeild*  
 Anna Dröfn Ágústsdóttir, *hönnunardeild*  
 Bryndís Björgvinsdóttir, *varamaður, hönnunardeild*  
 Matthildur Anna Gísladóttir, *tónlistardeild*  
 Jesper Pedersen, *varamaður, tónlistardeild*  
 Bryndís Snæbjörnsdóttir, *myndlistardeild*  
 Jóhannes Dagsson, *varamaður, myndlistardeild*  
 Björk Jónsdóttir, *sviðslistadeild*  
 Una Þorleifsdóttir, *varamaður, sviðslistadeild*  
 Vigdís Gunnarsdóttir, *listkennsludeild*  
 Gunnþís Ýr Finnbogadóttir, *varamaður listkennsludeild*


Markmið Starfsþróunarsjóðs kennara er að auðvelda akademískum starfsmönnum Listaháskólans að sinna sérverkefnum í grein sinni og sækja námskeið eða endurmennta sig á sínu sérsviði.

### Rannsóknasjóður

Þórhallur Magnússon, *tónskáld, deildarforseti*  
*tónlistardeildar Sussex háskóla*  
*og rannsóknaprófessor við LHÍ*  
 Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, *listkennsludeild*  
 Hildigunnur Sverrisdóttir, *arkitektúrdeild*

Hlutverk sjóðsins er að styðja við rannsóknir akademískra starfsmanna og stuðla að uppbyggingu þekkingar á fræðasviði lista. Rétt á styrkveitingu eiga fastráðnir akademískir starfsmenn með rannsóknahlutfall. Stjórn Rannsóknasjóðs er skipuð til tveggja ára í senn og í henni sitja tveir akademískir starfsmenn skólans ásamt einum utanaðkomandi aðila.





**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts